

MINNISBLAÐ

Sérstakar húsaleigubætur

Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 voru m.a. lagðar fyrir fjölskylduráð hugmyndir um breytingar á viðmiðum vegna sérstakra húsaleigubóta. Á fundi ráðsins þann 22. október 2014 var farið yfir mögulegar breytingar á viðmiði og samþykkti ráðið að hækkunin yrði um 10.000. kr. eða úr rúmlega 47.000 kr í 58.000.- kr. Þessi ákvörðun byggði á því að það lágu fyrir upplýsingar þess efnis að verið væri að greiða hærri sérstakar húsaleigubætur í Hafnarfirði en í nágrannasveitarfélögum og ástæða væri til að taka skref til samræmingar bóta milli sveitarfélaga. Ekki var gerð sérstök bókun vegna þessarar breytingar. Hækkað viðmið var kynnt bæjarfulltrúum fyrir bæjarstjórnarfund þann 29. október 2014. Breytingarnar voru síðan staðfestar við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Í greinargerð með fjárhagsáætlun 2015 er gerð grein fyrir þessum breytingum. <http://www.hafnarfjordur.is/media/2015-2018/Greinargerð-med-fjarhagsaaetlun-2015---2018-.pdf>.

Reglur sveitarfélagsins um sérstakar húsaleigubætur voru í kjölfarið uppfærðar hvað varðar lágmarksupphæð leigutaka. Að öðru leyti voru reglurnar óbreyttar. [http://www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Reglur-um-uthlutun-a-almennu-leiguhusnaedi-hja-Hafnarfjardarbae-og-serstakar-husaleigubaetur-\(2015\).pdf](http://www.hafnarfjordur.is/media/fjolskylduthjonusta/Reglur-um-uthlutun-a-almennu-leiguhusnaedi-hja-Hafnarfjardarbae-og-serstakar-husaleigubaetur-(2015).pdf)

Hafnarfjörður 12. febrúar 2015.
Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Fylgiskjöl:

- Samanburður á sérstökum húsaleigubótum; Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík, Garðabær.
- Kynning fyrir bæjarstjórnarfund þann 29. október 2014.